

### **3. Færni aðstoðarfólks - óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir**

#### **3.b Að eiga innihaldsríkar samræður**

Í þessum kafla er einnig rætt um færni sem aðstoðarfólk þarf að hafa til þess að geta tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans, færni sem tengist því að fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning notar oft óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

Í rannsókninni kom fram að mikilvægur hluti af námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning er að geta átt innihaldsríkar samræður um námið þegar heim er komið. Aðstoðarfólk þarf því að búa yfir færni í því að eiga slíkar samræður við notanda sem notar ekki hefðbundið talmál. Oft hættir okkur til að tala „yfir“ notanda eða „um“ hann ef hann notar ekki hefðbundið talmál en í samræðum eru notandi og aðstoðarmaður jafningjar og aðstoðarmaður passar að notandi sé ávallt með í samtalinu, gerir ráð fyrir skilningi notanda og er vakandi fyrir tjáningu hans.

Það getur reynt á að finna umræðurefni í slíkar samræður en í rannsókninni kom fram að það að rifja upp sameiginlega upplifun, t.d. úr náminu, tengja þessa upplifun við aðrar upplifanir í daglegu lífi og nota það sem fyrir augu ber, hjálpaði til við að gefa samræðunum meira innihald. Það er mikilvægt að æfa færnina í að eiga slíkar samræður.

**Verkefni:** Myndið þriggja manna hóp og farið í hlutverkaleik: Einn er ímyndaður notandi sem notar ekki hefðbundið talmál. Hinir tveir eru ímyndaðir aðstoðarmenn. Ímyndið ykkur eftirfarandi aðstæður og reynið að halda uppi innihaldsríkum samræðum í 3 mínútur:

- Þið eruð ein heima og það er lítið um að vera.
- Þið eruð að bíða eftir að fara í kennslustund í Fjölmennt.
- Þið eruð úti í göngu- eða bíltúr.